

**FUNDARBOÐ**

**253. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar  
verður haldinn Hjálmakletti, miðvikudaginn 8. maí 2024 og hefst kl. 16:00**

**Dagskrá:**

**Almenn mál**

**1. 2404000 - Ársreikningur Borgarbyggðar 2023**

Ársreikningur Borgarbyggðar fyrir árið 2023 lagður fram til seinni umræðu.

**2. 2012111 - Skorradalshreppur - samningar**

Samningur um samvinnu á milli Borgarbyggðar og Skorradalshrepps lagður fram til seinni umræðu.

**3. 2205140 - Kosningar í ráð og nefndir 2022-2026**

Lagt til að Bjarni Traustason verði skipaður inn sem aðalmaður í fræðslunefnd Borgarbyggðar í stað Þórunnar Unnar Birgisdóttur sem fékk lausn frá störfum sínum fyrir nefnina á síðasta fundi sveitarstjórnar.

**4. 2208252 - Samningur við Leikdeild Skallagríms um Lyngbrekku**

**5. 2404093 - Digranesgata 4D - Umsókn um lóðaleigusamning**

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 667: "Lögd er fram ósk lóðarhafa Digranesgötu 4, Borgarland ehf., um framsal á lóðaréttindum fyrir hluta lóðarinnar til Orku Náttúrunnar og beiðni um nýjan lóðaleigusamning fyrir minnkaðri lóð. Lóðirnar eru í samræmi við deiliskipulagsbreytingu á Brúartorgi sem öðlaðist gildi í B-deild 24. janúar 2024. Einnig er óskað eftir að gera lóðaleigusamning við Orku Náttúrunnar fyrir lóðirnar, Digranesgata 4c og 4d.

Byggðaráð heimilar lóðarhafa Digranesgötu 4 að framselja lóðarréttindi fyrir hluta lóðarinnar til Orku Náttúrunnar. Nýir lóðaleigusamningar fyrir lóðirnar þrjár verði gerðir í kjölfarið í samræmi við breytt deiliskipulag.

Samþykkt samhljóða."

**6. 2401012 - Dýraleifar - Söfnun - Útboð- Samningur - Gjaldskrá**

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar frá fundi nr. 667: "Framlagður þjónustusamningur um söfnun dýraleifa í Borgarbyggð við HSS Verktak ehf.

Byggðaráð samþykkir framlagðan þjónustusamning um söfnun dýraleifa í Borgarbyggð og felur sveitarstjóra að undirrita með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar. Áætluð

áhrif á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins eru metin óveruleg en sveitarstjóra er falið að vinna viðauka ef þörf krefur.  
Vísað til sveitarstjórnar til staðfestingar.

Samþykkt samhljóða."

**7. 2201148 - Breytingar á barnaverndarlögum og uppbyggingu barnaverndarþjónustu sveitafélaga**

Tekinn til fyrri umræður viðauki við samning Hvalfjarðarsveitar um rektur sameiginlegrar barnaverndarþjónustu ásamt viðeigandi samningi.

Um er að ræða afgreiðslu byggðarráðs Borgarbyggðar frá fundi nr. 667: "Líkt og kom frá 663 fundi Byggðarráðs þá er undirbúningsvinna að stofnun barnaverndarþjónustu Vesturlands lokið. Óskað var eftir frekari kynningu á verkefninu í heild og innihaldi samningsins. Lögð eru fram drög að minnisblaði frá KPMG sem kom að þessari vinnu, viðauki við samning Hvalfjarðarsveitar um rektur sameiginlegrar barnaverndarþjónustu og samningurinn sem lá fyrir. Með viðauka þessum bætast sveitarfélögin Snæfellsbær, Grundafjörður, Stykkishólmur og svo Eyja- og Miklaholtshreppur, undir forystu Borgarbyggðar sem leiðandi sveitarfélag. Með þessari sameiningu næst að uppfylla skilyrði um lágmarks íbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu, auk þess sem fagþekking innan hópsins eykst. Unnið er að verklagi vegna sameiningarinnar og má segja að sveitarfélögin séu vel í stakk búin að takast á við þetta samstarf. Erla Björg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri Borgarbyggðar kemur til fundarins undir þessum lið.

Byggðarráð þakkar góðan undirbúning og vinnu við stofnun á Barnaverndarþjónustu Vesturlands. Um tímamót er að ræða í þjónustu við börn í Borgarbyggð og öðrum sveitarfélögum sem að standa.

Byggðarráð samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti og vísar til sveitarstjórnar til fyrri umræðu."

**8. 2310255 - Endurbætur á miðálmum Grunnskólans í Borgarnesi**

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 668: "Framlögð tilboð í framkvæmdir við niðurrif innanhúss á miðálmum Grunnskólans í Borgarnesi. Til fundarins kemur Guðni Rafn Ásgeirsson umsjónarmaður fasteigna.

Byggðarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda, MT Ísland ehf. og felur sveitarstjóra að ganga frá samningi á grundvelli tilboðs, með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar. Áætlað er að hefja framkvæmdir við þennan verkhluta í næstu viku og að verkið muni taka um fjórar vikur. Næsti verkhluti, sem snýr að endurbyggingu, er nú í útboðsferli.

Samþykkt samhljóða.

Guðni Rafn fór af fundi að afloknum þessum dagskrárlið."

**9. 2404137 - Aðalfundur Menntaskóla Borgarfjarðar 2024**

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 668: "Framlagt boð á aðalfund Menntaskóla Borgarfjarðar 8. maí 2024.

Fundarboð framlagt. Helgi Haukur Hauksson sem setið hefur í stjórn fyrir hönd

Borgarbyggðar lét af stjórnarsetu í ágúst s.l. og síðan hefur legið fyrir að sveitarfélagið tilnefni stjórnarmann í hans stað. Um leið og Helga Hauki er þakkað afar gott starf, tilnefnir Borgarbyggð Sigurgeir Sindra Sigurgeirsson til setu í stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar.

Sveitarstjóra er falið að mæta á aðalfundinn fyrir hönd sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða."

#### **10. 2012032 - Fyrirkomulag snjómoksturs**

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 669: "Afgreiðsla frá 61. fundi umhverfis- og landbúnaðarnefndar: "Umhverfis- og landbúnaðarnefnd samþykkir að segja upp verksamningi, dags. 26, október 2020, um snjómokstur í Borgarnesi og felur starfsmanni nefndar að vinna málið áfram. Samþykkt samhljóða."

Byggðarráð staðfestir ákvörðun umhverfis- og landbúnaðarnefndar að segja upp verksamningi um snjómokstur í Borgarnesi dags. 26. október 2020. Uppsagnarfrestur er 6 mánuðir sbr. 2. mgr. 100. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Málinu vísað til staðfestingar í sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða."

#### **11. 2308178 - Sæunnargata - gatnaframkvæmdir**

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 669: Framlögð tilboð í endurnýjun, gatnagerð og veitulagnir við Sæunnargötu. Elfar Már Ólafsson verkefnastjóri mætir til fundar undir þessum lið.

Framlögð skýrsla vegna opunar tilboða í endurnýjun, gatnagerð og veitulagnir við Sæunnargötu í Borgarnesi. Lægsta tilboð átti Borgarverk að fjárhæð 148.467.600 kr. Byggðarráð Borgarbyggðar samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Borgarverk ehf. Málinu vísað til staðfestingar í sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða."

#### **12. 2310273 - Stofnun lögbýlis - Norðurland 4**

Afgreiðsla frá fundi umhverfis- og landbúnaðarnefndar nr. 61: " Umsókn um stofnun lögbýlis.

Umhverfis- og landbúnaðarnefnd hafnar því að stofnað sé lögbýli á landinu Norðurland 4 þar sem jörðin hefur ekki húsakost sem nauðsynlegur er til að stunda landbúnað eða aðra atvinnustarfsemi sbr. jarðarlögum nr. 81/2004.

Samþykkt samhljóða."

#### **13. 2206072 - Erindisbréf Umhverfis-og landbúnaðarnefndar**

Afgreiðsla frá fundi umhverfis- og landbúnaðarnefndar nr. 61.: "Breyting á erindisbréfi vegna áheyrnarfulltrúa.

Starfsmanni nefndar er falið að breyta texta erindisbréfs umhverfis- og landbúnaðar þar sem tekið er fram að inn sé kominn áheyrnarfulltrúi."

**14. 2403075 - Samtún (L134457) - Sveinukot\_Fyrirspurn um skipulagsmál**

Afgreiðsla 65. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd tekur vel í fyrirhuguð áform og leggur til við sveitarstjórn að heimila breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 þar sem nýr reitur fyrir verslun og þjónustu kæmi í stað landbúnaðarlands á fyrirhugaðri lóð. Umrædd breyting mun ekki rjúfa samfellu í ræktarlandi og er lóðin jafnframt á mörkum þéttbýlis og landbúnaðarlands. Samþykkt samhljóða."

**15. 2311070 - Breyting á aðalskipulagi - O1 íþróttasvæði Borgarnes**

Afgreiðsla 65. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd felur skipulagsfulltrúa að klára uppdrátt og greinargerð tillögu að breyttu aðalskipulagi sveitarfélagsins skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 til samþykktar á næsta sveitarstjórnarfundi. Skipulags- og byggingarnefnd leggur til að haldinn verði íbúafundur til kynningar á aðalskipulagstillögunni í maí. Samþykkt samhljóða."

**16. 2404302 - Heggstaðir (L136054)\_Efnistökusvæði\_Umsókn um aðalskipulagsbreytingu**

Afgreiðsla 65. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar sem felst í skilgreiningu á eldra efnistökusvæði í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Breytingin er gerð samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Niðurstaðan skal auglýst og breytingin send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Samþykkt samhljóða."

**17. 2404320 - Hraunsás III - umsókn um aðalskipulagsbreytingu - 204514**

Afgreiðsla 65. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða lýsingu til auglýsingar fyrir Hraunsás 3 skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulags- og byggingarnefnd telur að landið sem um ræðir sé viðkvæmt með tilliti til verndar sem skilgreind er á svæðinu og staðsetningar í nálægð við náttúruvætti. Skipulags- og byggingarnefnd tekur jákvætt í breytta landnotkun á svæðinu með þeim fyrirvara að uppbygging sé lágstemmd og fullt tillit sé tekið til ofangreindra þátta, í samræmi við framlögð gögn með umsókninni. Samþykkt samhljóða."

**Fundargerð**

**18. 2404047F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 667**

- 18.1 2404136 - Fjármögnun framkvæmdaáætlunar
- 18.2 2404093 - Digranesgata 4D - Umsókn um lóðaleigusamning
- 18.3 2401012 - Dýraleifar - Söfnun - Útboð- Samningur - Gjaldskrá
- 18.4 2201148 - Breytingar á barnaverndarlögum og uppbyggingu barnaverndarþjónustu sveitafélaga
- 18.5 2401305 - Varmalandsdeild - framtíðarsýn
- 18.6 2404110 - Stígur upp frá Fitjum meðfram Snæfellsnesvegi
- 18.7 2401100 - Tillaga að friðlýsingu Borgarneskirkju
- 18.8 2401226 - Samband ísl.sveitarfélaga - fundagerðir 2024.
- 18.9 2403248 - Breyting á fundartíma byggðarráðs
- 18.10 2003172 - Tillaga um breytingu á fundartíma sveitarstjórnar

**19. 2404052F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 668**

- 19.1 2301130 - Sveitarstjórnarfundur unga fólksins
- 19.2 2404203 - Áskorun aðalfundar Veiðifélags Norðurár á sveitarstjórn í Borgarbyggð
- 19.3 2310255 - Endurbætur á miðálmu Grunnskólans í Borgarnesi
- 19.4 2404137 - Aðalfundur Menntaskóla Borgarfjarðar 2024
- 19.5 2402030 - Miðstöð héraðsskjalasafna um rafræna skjalavörslu
- 19.6 2404236 - Ársreikningur Hafnasambands Íslands 2023
- 19.7 2401025 - Umsagnarmál frá Alþingi 2024.
- 19.8 2401025 - Umsagnarmál frá Alþingi 2024.

**20. 2404059F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 669**

- 20.1 2102060 - Verkefnaráð vegna Holtavörðuheiðarlínu 1
- 20.2 2012032 - Fyrirkomulag snjómoksturs
- 20.3 2212140 - Slökkvilið og Lögregla - Sameiginlegt húsnæði - Hugmyndavinna
- 20.4 2111213 - Brákarey - framtíðarskipulag
- 20.5 2308178 - Sæunnargata - gatnaframkvæmdir
- 20.6 2404310 - Umsókn um lóð - Sóltún 15.
- 20.7 2404324 - Tengivegaáætlun 2024-2028
- 20.8 2111023 - Verkefni vegna innleiðingar hringrásarkerfis
- 20.9 2306149 - Aðalfundur Nývest
- 20.10 2401025 - Umsagnarmál frá Alþingi 2024.
- 20.11 2401226 - Samband ísl.sveitarfélaga - fundagerðir 2024.

**21. 2404041F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 61**

- 21.1 2012032 - Fyrirkomulag snjómoksturs
- 21.2 2310273 - Stofnun lögbýlis - Norðurland 4
- 21.3 2206072 - Erindisbréf Umhverfis-og landbúnaðarnefndar
- 21.4 2401012 - Dýraleifar - Útboð

**22. 2404055F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 65**

- 22.1 2402253 - Dílatangi\_Kveldúlfsgata 30 - Breyting á deiliskipulagi
- 22.2 2301075 - Aðalskipulag - Endurskoðun - Vinnslutími
- 22.3 2311070 - Breyting á aðalskipulagi - O1 íþróttasvæði Borgarnes
- 22.4 2311071 - Íþróttasvæði Borgarnesi - Deiliskipulag
- 22.5 2404319 - Skólasvæði (P3) grunnskólinn í Borgarnesi\_Breyting á deiliskipulagi
- 22.6 2403075 - Samtún (L134457) - Sveinukot\_Fyrirspurn um skipulagsmál
- 22.7 2301134 - Refsstaðir skógrækt\_Umsókn um framkvæmdaleyfi
- 22.8 2302184 - Sveinatunga L134822\_Umsókn um framkvæmdaleyfi

- 22.9 2404302 - Heggstaðir (L136054)\_Efnistökusvæði\_Umsókn um aðalskipulagsbreytingu
- 22.10 2402236 - Básar 27 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
- 22.11 2404320 - Hraunsás III - umsókn um aðalskipulagsbreytingu - 204514
- 22.12 2404053F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 31
- 22.13 2404042F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 226

**23. 2404001F - Fræðslunefnd Borgarbyggðar - 232**

- 23.1 2401314 - Skóladagatöl fyrir leik-, grunn- og tónlistaskóla Borgarbyggðar 2024-2025
- 23.2 2404219 - Kostnaðarmat færslunnar frá Varmalandsdeild GBF
- 23.3 2404218 - Fresta ákvörðun um færslu miðstigs varmalandsdeildar GBF
- 23.4 2404112 - Reglur Borgarbyggðar um skólaakstur
- 23.5 2404023 - Dreifibréf vegna undanþága í kennslustörf - breytt verklag
- 23.6 2402043 - Bréf mennta- og barnamálaráðuneytis \_fyrirhugðuð úttekt á tónlistarskólum
- 23.7 2403271 - Sala í íþróttahúsum Borgarbyggðar
- 23.8 2404187 - Tómsundur vor 2024

06.05.2024

Lilja Björg Ágústsdóttir, sviðsstjóri fjármála og -stjórnsýslusviðs.